

AUGLÝSING

141

2. ágúst

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 20 3. febr. 1949.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

A. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um kwstmæli á kr. 1.44 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwstmæli á 65 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 20 aura á mánuði af m².
3. Til götu- og hafnarlýsinga um kwstmæli á 1 kr. hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwstmæli á 36 aura hver kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð sem er 1 herbergi og eldhús, 1300 kwst á ári.

— — — — 2 — — —	1600	— — —
— — — — 3 — — —	1900	— — —
— — — — 4 — — —	2100	— — —
— — — — 5 — — —	2300	— — —
— — — — 6 — — —	2400	— — —
— — — — 7 — — —	2500	— — —

Notkun umfram þetta greiðist með 25 aurum hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwstmæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 150.00 á hvert uppsett kw vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kwst., um kwstmæli á 30 aura hver kwst. Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Hitun.

1. Um kwstmæli á 25 aura hver kwst, enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar .

- 141** 2. Til næturhitunar með þilofnum og túbum á 12 aura hver kwst.
2. ágúst Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
 - Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 2. ágúst 1957.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

142
8. ágúst

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Patreksfirði.

1. gr.

Sölubúðum á Patreksfirði skal loka eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og á gamlársgang skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en klukkan 12 á hádegi, á tímabilinu 1. október til 31. desember kl. 4, frá 1. janúar til 30. apríl skal á laugardögum lokað eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum og sölustöðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum einöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri sem hér segir: